



Reykjavík, 5. september 2022
PON22080047

Til stafræns ráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Erindisbréf um stofnun starfshóps vegna greiningu á þjónustu í þjónustuveri

Meðfylgjandi er erindisbréf um stofnun starfshóps um greiningu á þjónustuveitingu í þjónustuveri, þ.e. framlínu, móttöku símtala, netsamtölum og öðrum samskiptaleiðum borgarinnar við íbúa og fyrirtæki. Verkefnið er á samþykktri áætlun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um greiningu á einstaka þjónustubáttum Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar Jörgen Sandholt
sviðsstjóri



ERINDISBRÉF Þjónusta í þjónustuveri með aðferðafræði KFS

Ábyrgðarmaður: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Inngangur:

Tilgangur verkefnisins er að greina dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins. Sá hluti þjónustunnar sem verður greindur snýr að þjónustuveitingu í þjónustuveri, þ.e. framlínu, móttöku símtala, netsamtölum og öðrum samskiptaleiðum borgarinnar við íbúa og fyrirtæki.

Hlutverk starfshópsins og verkefni:

Hlutverk hópsins er að greina þjónustuveitingu í þjónustuveri með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS). Markmiðið með þeirri vinnu er að greina hvort að núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda leiði til jafnréttis. Ef staðan í dag leiðir ekki til jafnréttis verða lagðar til aðgerðir til leiðréttingar.

Starfshópurinn skipa:

Arnar Þór Jóhannsson
Arnfríður Björg Sigurdórsdóttir

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn sækir ráðgjöf innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á svo sem hjá öðru starfsfólki Þjónustu- og nýsköpunarsviðs, starfshópi Þjónustu- og nýsköpunarsviðs um KFS, eða verkefnastýru KFS á mannréttindaskrifstofu.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 1. október 2022. Formaður hópsins ber ábyrgð á því að kalla hópinn saman og skila niðurstöðum hópsins til ábyrgðamanns.

Reykjavík, 5. september 2022

Óskar Jörgen Sandholt
sviðsstjóri